

# Tímaás

-Víkurgarður og Thorvaldsenstræti 6-

## Eftir árið 1000

Víkurkirkja reist af Reykjavíkurbónda. Bændakirkja er tilheyrði Reykjavíkurbónda sem eiganda heimalands.

## Árið 1613

17. júlí

Ekkja Narfa Ormsonar, Guðrún Magnúsdóttir, selur jörðina Reykjavík til konungs.

## Árið 1752

Hluti jarðarinnar Reykjavík fengið Innrétingum Hins íslenska hlutafélags. Kirkjan og kirkjugarðurinn þó enn í konungseign.

## Árið 1786

17. nóvember

Reykjavík veitt kaupstaðarréttindi með konungstilskipun. Mælt fyrir um í tilskipuninni að land konungs yrði lagt til kaupstaða er öðluðust kaupstaðarréttindi.

## Árið 1792

22.-23. maí

Landi Reykjavíkurjarðarinnar skipt á milli Reykjavíkurkaupstaðar og Innrétinga Hins íslenska hlutafélags. Samkvæmt skiptingunni taldist Víkurkirkja og kirkjugarðurinn til eignarlands Reykjavíkurkaupstaðar.

## Árið 1833

31. maí

Oddi Thorarensen lyfsala fengin lóð við Austurvöll úr landi Reykjavíkurbæjar. Lóð þessi myndar í dag meginhluta Thorvaldsenstrætis 6.

## Árið 1837

28. apríl

Með konungstilskipun er Reykjavíkurbæ lagt til fé til að útbúa nýjan kirkjugarð fyrir utan bæinn. Fram kemur að hinn gamli kirkjugarður sé fullnýttur og ekki unnt að stækka hann. Hinn nýi kirkjugarður verður kirkjugarðurinn við Suðurgötu eða Hólavallakirkjugarður. Hinn gamli kirkjugarður er lagður niður.

## Árið 1838

23. nóvember

Fyrsta greftrun í Hólavallakirkjugarði. Engar heimildir um greftrun í hinum gamla kirkjugarði eftir þessa fyrstu greftrun í nýjum kirkjugarði.

## Árið 1839

17. maí

Reykjavíkurbær framkvæmir úttekt á lóð hins gamla kirkjugarðs. Ástand garðsins þá orðið mjög lélegt.

## Árið 1879

17. apríl

Kruger lyfsala veittur blettur af lóð gamla kirkjugarðsins til afnota á leigu. Blettur þessi myndar í dag hluta Thorvaldsenstrætis 6.

**Árið 1883**

2. apríl

Lóð gamla kirkjugarðsins úthlutað til Schierbeck landlæknis til leigu. Hann ræktar í kjölfarið lystigarð á lóðinni. Einnig samþykkt beiðni Schierbeck um að láta Kruger hafa 2. ál. spildu af lóð gamla kirkjugarðsins. Sú spilda myndar í dag hluta Thorvaldsensstrætis 6.

**Árið 1883**

26. september

Schierbeck landlæknir afsalar lóð gamla kirkjugarðsins til Halldórs Daníelssonar. Í afsalinu kemur fram að lóð gamla kirkjugarðsins sé afsalað sem erfðafestulandi.

**Árið 1904**

21. október

Hannes Hafstein ráðherra Íslands afsalar lóð gamla kirkjugarðsins f.h. landssjóðs til Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt heimild í fjárlögum. Lóðin því vafalaust eign kaupstaðarins.

**Árið 1917**

3. febrúar

Reykjavíkurbær selur P.O. Christensen lyfsala hluta úr lóð gamla kirkjugarðsins. Um er að ræða hluta úr spildu er áður hafði verið afhentur Kruger lyfsala til leigu. Grafinn er kjallari á spildunni og jarðneskar leifar koma í ljós. Spilda þessi myndar í dag hluta Thorvaldsensstrætis 6.

**Árið 1918**

8. janúar

Lóð gamla kirkjugarðsins sett á skrá yfir erfðafestulönd Reykjavíkurbæjar.

**Árið 1929**

6. desember

Þorsteinn Scheving Thorsteinsson lyfsali fær með makaskiptasamningi við Reykjavíkurbæ beinan eignarrétt yfir þeim spildum sem Kruger lyfsali tók á leigu árin 1879 og 1883.

**Árið 1931**

Akbraut lögð og grafið fyrir jarðstrengjum þvert yfir lóð gamla kirkjugarðsins vegna byggingar Landssímahússins. Við framkvæmdir finnast járnhellur og jarðneskar leifar.

**Árið 1932**

Grafið fyrir og lagður símkapall þvert yfir gamla kirkjugarðinn. Við framkvæmdir finnast jarðneskar leifar.

**Árið 1940**

26. mars

Anna Daníelsson, ekkja Halldórs Daníelssonar, selur Póst- og símamálastjórn Íslands lóð gamla kirkjugarðsins sem erfðafestuland.

**Árin 1941-1950**

Braggar, olíutankar, dren og klóak ásamt frekari framkvæmdum eiga sér stað á lóð hins gamla kirkjugarðs í kjölfar hernámsins.

## **Árið 1966**

2. maí

Í meginatriðum samþykktir uppdrættir að viðbyggingu Landsímahússins á fundi skipulagsnefndar Reykjavíkur. Í kjölfarið eru lögð bílastæði yfir Thorvaldsensstræti 6, m.a. yfir svæði þar sem jarðneskar leifar fundust við framkvæmdarannsókn (fornleifauppgröftur) á Landsímareit.

11. október

Borgarstjórinn í Reykjavík, f.h. borgarsjóðs Reykjavíkur, og póst- og símamálastjóri, f.h. Landssíma, gera með sér samkomulag þess efnis að borgarsjóður taki að sér umsjá og skipulagningu lóðar gamla kirkjugarðsins.

## **Árið 1967**

4. apríl

Þorsteinn Scheving Thorsteinsson, Sverrir Scheving Thorsteinsson, Unnur Scheving Thorsteinsson og Bent Scheving Thorsteinsson selja og afsala eignarrétti sínum yfir Thorvaldsensstræti 6 til Póst- og símamálastjórnar Íslands.

## **Árið 1987**

1. október

Heildardeiliskipulag fyrir svæðið, svokallað Kvosarskipulag samþykkt á fundi borgarstjórnar. Í umræddu skipulagi eru mörk Víkurgarðs (lóð gamla kirkjugarðsins) staðfest og garðurinn skilgreindur sem almenningsgarður.

## **Árið 2013**

10. október

Nýtt deiliskipulag tekur gildi við birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Mörk Víkurgarðs óbreytt frá heildardeiliskipulagi.

## **Árið 2015**

10. desember

Minjastofnun Íslands gefur út rannsóknarleyfi á Landsímareit. Í kjölfarið fer fram fornleifarannsókn á reitnum.

## **Árið 2017**

5. desember

Samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi á fundi borgarstjórnar. Heimiluð endurbygging húss að Thorvaldsensstræti 6. Mörk Víkurgarðs óbreytt.

## **Árið 2018**

12. janúar

Breyting á deiliskipulagi fyrir Landsímareit tekur gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

13. febrúar

Sóknarnefnd Dómkirkjunnar í Reykjavík f.h. Dómkirkjunnar í Reykjavík og félagið Kvosin kæra breytingu á deiliskipulagi fyrir Landsímareit til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

15. maí

Byggingarleyfi samþykkt á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa. Byggingarleyfið veitir heimild til að dýpka kjallara og endurbyggja Thorvaldsensstræti 2, lyfta Thorvaldsensstræti 4 og byggja á það Mansardþak með kvistum, byggja fjögurra hæða nýbyggingu, endurbyggja Aðalstræti 11 með breyttu þaki og til að innrétta í öllum

húsunum 145 herbergja hótél í flokki IV með veitingahúsi, kaffihúsi, verslunum og samkomusal á lóð nr. 2 við Thorvaldsensstræti.

11. júní Leyfi gefið út fyrir afnot af borgarlandi, fyrir 1. áfanga byggingarframkvæmda á Landsímareit. Meðal annars er sett upp girðing í kringum framkvæmdasvæðið til að undirbúa niðurrif á reitnum. Einnig leyfð akstursleið til að koma efni til förgunar af svæðinu.
- Sóknarnefnd Dómkirkjunnar í Reykjavík f.h. Dómkirkjunnar í Reykjavík og félagið Kvosin kæra samþykkt byggingarleyfi frá 15. maí 2018
4. ágúst Minjastofnun Íslands óskar eftir upplýsingum um afnotaleyfi vegna framkvæmda í borgarlandi, að hluta innan Víkurgarðs.
13. ágúst Leyfi gefið út fyrir afnot af borgarlandi, fyrir 2. áfanga byggingarframkvæmda á Landsímareit. Meðal annars er komið fyrir gámum og rafstöð sem ná aðeins inn í Víkurgarð og sett upp girðing í kringum framkvæmdasvæðið. Einnig leyfð akstursleið til að koma efni til förgunar af svæðinu.
4. september Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála kveður upp úrskurð í málum nr. 22/2018 og 85/2018. Kærum félagsins Kvosarinnar er vísað frá nefndinni.
6. september Afsalsbréfi Hannesar Hafstein ráðherra Íslands, f.h. landssjóðs til Reykjavíkurborgar, um lóð gamla kirkjugarðsins, dags. 21. október 1904, fært í þinglýsingarbækur sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Víkurgarður upp frá því þinglýst eign Reykjavíkurborgar.
4. október Minjastofnun Íslands gerir tillögu að friðlýsingu á Víkurgarði.